

**Ed.**

## **156. Frumvarp til laga**

um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

### **1. gr.**

Með lögum þessum er landbúnaðarráðherra heimilt að láta flytja til landsins búfé, önnur dýr og búfjársæði, eftir þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og þeim reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

### **2. gr.**

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjargrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjartegundir og frá hvaða landi og héraði búféð er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

### 3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins.

### 4. gr.

Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa.

### 5. gr.

Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenskur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins.

Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 4 vikur undir eftirliti dýralæknis.

Áður en búféð er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar.

### 6. gr.

Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eygni eða haldið lengur í sóttkví.

Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eygni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi.

Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð rándýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma.

### 7. gr.

Með sérstakri reglugerð skal ákveða allt, sem lýtur að rekstri búans, sbr. 4. gr., þar á meðal, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvernig ástandi, hvernig samgöngum við eyna verði örugglegast komið fyrir til að fyrirbyggja, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma, berist í land, svo og annað, er varðar búreksturinn og lýtur að því að gera hann sem nothæfastan fyrir landsmenn.

### 8. gr.

Á búi ríkisins á eygni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum.

### 9. gr.

Bústjórinn á eygni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirætlum um einangrun fénaðarinn sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirætlum, sem um þetta verða gefin.

#### 10. gr.

Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með islenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

#### 11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

#### 12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 8 25. júlí 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

#### Greinargerð.

Landbúnaðarráðherra hefur sent nefndinni frumvarp þetta, eins og það var samþykkt í efri deild á síðasta þingi, og óskað eftir, að nefndin flytti það.

Við þessum tilmælum vill nefndin verða, og þykir rétt að prenta úr greinargerð þá, er fylgdi frumvarpinu í fyrra, er það var lagt fyrir Alþingi, en hún hljóðar svo:

„Landbúnaðarnefnd var sent frumvarp þetta frá búnaðarþingi með þeirri ósk, að nefndin flytti það. Þegar nefndin hafði athugað frumvarpið, ákvað hún að verða við ósk búnaðarþings og flytja málið, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá búnaðarþingi:

„Búfjárræktarnefnd hefur athugað frumvarp til laga um innflutning búfjár, sem samið hafði verið af ráðunautunum Gunnari Bjarnasyni og Halldóri Pálssyni og lagt fyrir búnaðarþing.

Nefndin hefur samið frumvarpið upp að nýju, en stuðzt í aðalatriðum við frumvarp það, er lá fyrir nefndinni, en tók jafnframt til athugunar þá þrjá kafla frumvarps til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er lagt var fyrir Alþingi í október 1946, er fjölluðu um innflutning búfjár og sóttvarnarstöð.

Nefndin lítur svo á, að nauðsyn beri til að sett verði heilsteypt löggjöf um innflutning búfjár og annarra dýra og óviðunandi sé að búa við þau lög, er nú eru í gildi um þetta efni.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að lögum, lítur búfjárræktarnefnd svo á, að löggjafinn hafi búið svo vel um hnútana, að eigi þurfi að óttast, að sjúkdómar berist í búfé landsmanna, þótt erlent búfé yrði flutt inn, ef ákvæðum laganna verður trúlega fylgt.

Búfjárræktarnefnd álitur, að búfjárrækt landsmanna geti hagnast á því, að flutt verði inn erlend búfjarkyn, en treystir því, að Búnaðarfélag Íslands og Búnaðardeild Atvinnudeildar háskólans láti gera ýtarlegar tilraunir með, hvaða árangur kynblöndun milli innlendra og erlendra kynja gefi, áður en erlendum búfjarkynjum verði blandað við innlent búfé hjá bændum yfirleitt.

Þannig samþykkt á búnaðarþingi 13. marz 1947 með 20 samhljóða atkvæðum.““